


☒ Re: Fwd: Nýtt deiliskipulag Mjóeyrarhafnar - Ósk um umsögn á vinnslustigi A1573-026

Búið til	27.7.2022 16:49:09
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.7.2022 16:49:06
Tilheyrir	 202207-0014 - Mjóeyrarhafnar, nýtt deiliskipulag - ósk um umsögn.

Efni

Re: Fwd: Nýtt deiliskipulag Mjóeyrarhafnar - Ósk um umsögn á vinnslustigi A1573-026

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	27.7.2022 16:49:06	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	halldora@alta.is, marino@fjardabyggd.is, birgitta.runarsdottir@fjardabyggd.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202207-0014 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Fjarðabyggð dags. 7. júlí 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi Mjóeyrarhafnar.

Deiliskipulagið nær yfir 2. áfanga uppbyggingar Mjóeyrarhafnar en þar er um að ræða lengingu á hafnarkanti um 600 m til vesturs og stækkun á athafnasvæði og fjölgun lóða inni á hafnarsvæðinu. Stækkunin fer fram með landfyllingu framan við Mjóeyrina og skeringum inn í hliðina fyrir ofan og vestan hafnarsvæðið.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar um matsáætlun 2. áfanga uppbyggingar Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði þann 25. maí 2022.

Það svæði sem um ræðir er að stærstum hluta raskað þó lítils háttar óraskað graslendi verði fyrir raski. Engu að síður þarf að gæta þess að áformuð landnotkun og tengdar framkvæmdir hafi ekki í för með sér óæskileg umhverfisáhrif. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf sérstaklega að huga að lífríki sjávar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina kom fram að náttúrufarsrannsóknir sem byggt var á voru margar komnar nokkuð til ára sinna t.d. yfir 20 ára gamlar rannsóknir á lífríkis á sjávarbotni. Ljóst er að grunnsævið er nú mjög raskað vegna fyrri framkvæmda (landfyllinga og efnistöku) og starfsemi hafnarsvæðisins. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að afla nýrri gagna um lífríki á sjávarbotni við hafnarsvæðið t.d. til að meta áhrif framkvæmda, hafnarstarfseminnar og reksturs álvers á lífríkis sjávar, mæla mengun, mögulegt landnám framandi sjávartegunda o.fl. Æskilegt væri að vakta lífríki sjávar í Reyðarfirði.

Huga þarf að hreinsun ofanvatns eins og við á svo ekki berist mengandi efni með ofanvatni til sjávar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum síðar ef svo ber undir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Halldóra Hreggviðsdóttir" <halldora@alta.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Marinó Stefánsson" <marino@fjardabyggd.is>; "Birgitta Rúnarsdóttir" <birgitta.runarsdottir@fjardabyggd.is>
Subject: Fwd: Nýtt deiliskipulag Mjóeyrarhafnar - Ósk um umsögn á vinnslustigi A1573-026
Date: 7.7.2022 14:08:05

Heil og sæl.

Áframsendi hér neðangreint bréf þar sem mér láðist að hafa þau Marinó Stefánsson og Birgittu Rúnarsdóttur í cc, eins og átti. Bið velvirðingar á þessu.

Kær kveðja

Halldóra

Halldóra Hreggviðsdóttir ráðgjafi / consultant
Framkvæmdastjóri / General Manager

Skipulagsráðgjafi / Hagverkfræðingur M.S. / Jarðfræðingur M.S.

Alta // www.alta.is (https://www.alta.is/) // Alta +354 582 5000 // Mobile +354 899 9549 //

ISO 9001 (https://www.alta.is/) // UN Global Compact (https://www.alta.is/svona-vinum-vid)



----- Forwarded message -----

From: **Halldóra Hreggviðsdóttir** <halldora@alta.is (mailto:halldora@alta.is)>

Date: Thu, Jul 7, 2022 at 1:51 PM

Subject: Nýtt deiliskipulag Mjóeyrarhafnar - Ósk um umsögn á vinnslustigi A1573-026

To: <ni@ni.is (mailto:ni@ni.is)>

Heil og sæl.

Fjarðabyggð óskar hér með eftir umsögn um meðfylgjandi tillögu að nýju deiliskipulagi Mjóeyrarhafnar, sem hér er kynnt á vinnslustigi, í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með nýju deiliskipulagi lengist hafnarkantur Mjóeyrarhafnar til vesturs, athafnasvæði við hafnarkantinn stækkar og lóðum fylgjar á stækkuðu hafnarsvæði til vesturs. Gert er ráð fyrir að gildandi deiliskipulag, nefnt Hraun 1, falli úr gildi við samþykkt nýja deiliskipulagsins. Tillagan er sett fram á skipulagsupprætti og í greinargerð.

Umsagnir berist til undirritaðrar, svo og Marínós Stefánssonar, sviðsstjóra framkvæmdasviðs og Birgittu Rúnarsdóttur, verkefnisstjóra Fjarðabyggðarhafna, fyrir föstudaginn 29. júlí 2022.

Kær kveðja

Halldóra

Halldóra Hreggviðsdóttir ráðgjafi / consultant
Framkvæmdastjóri / General Manager

Skipulagsráðgjafi / Hagverkfræðingur M.S. / Jarðfræðingur M.S.

Alta // www.alta.is (https://www.alta.is/) // Alta +354 582 5000 // Mobile +354 899 9549 //

ISO 9001 (https://www.alta.is/) // UN Global Compact (https://www.alta.is/svona-vinum-vid)



Viðhengi

image001.png (5 KB)